

Umgengnisreglur um félagslegar leiguíbúðir Hveragerðisbæjar

- Íbúum er skylt að ganga hljóðlega og þrifalega um íbúðir og lóð.
- Íbúum ber ætíð að hafa í huga að valda nágrönnum sem minnstu ónæði. Allar athafnir og samskipti íbúa sem valdið geta óþægindum eru brot á húsreglum þessum. Frá kl. 22:00 til 07:00 á virkum dögum og 24:00 til 10:00 um helgar má enga háreysti hafa er sem getur raskað svefnfrið nágranna.
- Útidyr skulu jafnan vera læstar.
- Bílastæði eru eingöngu ætluð fyrir nothæfa bíla og geta númerslausir bílar, kerrur, hjól- eða fellihýsi og tjaldvagnar verið fjarlægðir af bílastæðum.
- Bannað er að skilja eftir sorp á lóðinni utan þeirra sorptunna sem fyrir eru. Í samræmi við stefnu Hveragerðisbæjar skal allt endurvinnanlegt sorp flokkað í tilteknar sorptunnur.
- Reykingar eru bannaðar innandyra í félagslegum leiguíbúðum Hveragerðisbæjar.

Brot á reglum þessum geta valdið riftun á húsaleigusamningi.